



Ársyfirlit og áramótakveðja frá sveitarstjóra Súðavíkurhrepps

Súðavík, 31.12.2008

Nú er árið 2008 að renna sitt skeið og er ekki hægt að skauta gegn um árið hjá Súðavíkurhreppi án þess að skoða ytri skilyrði sveitarfélagsins, ástandið í þjóðarbúinu síðastliðna mánuði.

Árið 2007 og fyrri hluta ársins 2008 einkenndist af réttlátum þrýstingi sveitarfélaga á landsbyggðinni sem kölluðu eftir aðgerðum ríkisvaldsins sem hefðu það að markmiði að koma á jöfnuði meðal allra landsmanna óháð búsetu.

Höfuðborgarsvæðið og nágrenni einkenndist á sama tíma af gríðarlegri þenslu sem seinna kom í ljós að enginn inneign var fyrir. Ástandið skýrði sig í mikilli hækjun launa, hækjun fasteignaverðs og o.fl. þáttu sem keyrðist áfram undir yfirskriftinni „góðæri“.

Á sama tíma var landsbyggðin í vörn eins og til fjölda ára á undan og bjuggu langflest við fækkun íbúa og neikvæðan hagvöxt, þenslan náði þannig ekki norður fyrir Borgarnes og austur fyrir Selfoss.

Miklar breytingar urðu síðan á árinu 2008. Í byrjun ársins fór að gera vart við sig orói á mörkuðum, erlendir sérfræðingar ásamt örfáum íslenskum fóru að gefa út viðvaranir um að íslenska efnahagskerfið væri ofhitnað. Ástandið varð síðan óstöðugra með hverjum mánuðinum sem leið, þar til að íslenska efnahagskerfið hrundi í október í orðsins fyllstu merkingu.

Á Höfuðborgarsvæðinu varð þenslan hvað mest og skellurinn hvað verstur. Krafa landsbyggðarinnar um jöfnun fjaraði nánast út þegar ástandið á þenslusvæðunum versnaði svo mikil að það varð á margan hátt verra en á landsbyggðinni.

Ástandið hefur vissulega áhrif í landsbyggðina, sérstaklega á verslun og þjónustu, en jafnframt á það eftir að koma betur í ljós á næstu mánuðum hvaða áhrif kreppan mun hafa á landsbyggðina, og kannski sérstaklega sjávarútvegsfyrirtækin sem mörg hver eru staðsett á landsbyggðinni.

Ástand atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu er slæmt. Í dag eru um 8.800 manns atvinnulausir á landinu öllu, þar af 7.100 á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni og gerir áætlun Vinnumálastofnunar um að allt að 12.000 manns verðir orðnir atvinnulausir innan fárra mánaða.

Ekki er enn fyrirséð hvenær botninum er náð fyrir íslenskt efnahagslíf, en flestum ber saman um að árið 2009 verður erfitt, en huggun er í því að ætla má að áhrif kreppunnar verði mildari á landsbyggðinni en búast má við á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni.

Árið 2008 hefur verið mjög gott og viðburðaríkt fyrir Súðavíkurhrepp og verður hér reynt að gera því helsta skil hér.

Leit að heitu vatni í Álfafirði

Í lok ársins 2008 var farið í að dýpka eina hitastigulsholu sem boruð var við Svarfhól í innanverðum Álfafirði árið 2006 þegar boraðar voru samtals níu hitastigulsholur til að kanna hvort heitt vatn væri þar að finna.

Það er fyrirtækið Alvarr ehf. sem sér um að dýptun holunnar úr 100 metrum í 350 metra og í byrjun desember var búið að bora niður á 270 metra þegar borbúnaðurinn bilaði. Ætlunin er að halda áfram með dýpkunina í janúar þegar viðgerð er lokið.

Sýni var tekið á 150 metra dýpi eftir að bilunin kom upp og mældist 24°C hiti í sprungu sem þar er, sem er jákvætt. Ef niðurstöður mælinga á meira dýpi verða einnig jákvæðar er komið að ákvörðunartöku um næsta skref í málinu en það væri borun vinnsluholu á 700 til 800 metra dýpi og fjármögnun, en ætla má að kostnaður við gerð vinnsluholu sé um 25. millj.

Byggðakvóta úthlutað

Súðavík var úthlutað 210 þorskígildistonnnum á fiskveiðíarinu 2007/2008. Mikil seinkunn varð á úthlutuninni sjálfrí af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins sem gerði það að verkum að ekki hefur enn verið úthlutað á skip.

Súðavíkurhreppur hefur með úthlutun byggðakvóta ætíð haft það að leiðarljósi að efla landvinnslu og fjölgja störfum í Súðavík og því hefur undanfarin ár verið óskað eftir samþykki ráðuneytisins á sérreglur um úthlutunina þar sem haft er að markmiði að koma byggðakvóta til þeirra sem eru að fjárfesta í sjávarútvegstengdum rekstri í Súðavík, ætlað til að léttá á stofnkostnaði, efla þá starfsemi sem til staðar er og fjölgja störfum til lengri tíma litið.

Frá árinu 2003, til ársins 2007, hefur verið úthlutað um 600 þorskígildistonnnum til Súðavíkur til að efla landvinnslu. Lauslega má áætla að markaðsvirði þess sé um 80 millj. sem úthlutað hefur verið á skip í Súðavík sl. fjögur ár.

Fyrir síðustu úthlutun byggðakvóta þ.e. fiskveiðíárið 2007/2008 óskaði sveitarstjórn eftir samþykki sjávarútvegsráðuneytisins á sérreglum um úthlutun byggðakvóta sem auðveldaði að koma byggðakvóta til þeirra sem eru og hafa verið að fjárfesta í landvinnslu í Súðavík.

Ráðuneytið hafnaði tillögum Súðavíkurhrepps þar sem þær þóttu erfiðar í framkvæmd að álti ráðuneytisins og var því á fundi sveitarstjórnar í desember samþykkt að falla að mestu frá settum sérreglum um úthlutun byggðakvóta og ráðuneytinu falið að úthluta byggðakvóta eftir almennum úthlutunarreglum.

Meinið er að samkvæmt þeim er ekki tekið á neinn hátt tilliti til sérkenna atvinnulífs sem er mjög ólíkt milli byggðarlaga.

Vegna þess ríkir nú algjör óvissa um hvort hægt verði að nýta þau 210 þorskígildistonn sem Súðavíkurhreppur hefur rétt á, þar sem enginn starfandi fiskvinnsla er í Súðavík sem getur flakað eða flatt fisk en það er vinnuskilyrði sem þarf að uppfylla til að fá byggðakvóta samkvæmt úthlutunarreglum um byggðakvóta.

Við erum þó með sjávarútvegs tengda starfsssemi sem er mikils virði fyrir atvinnulíf í Súðavík. Þar má telja um tíu heilsársstörf við þorskeldi í Álfafirði, þar sem slátrað er um 750 tonnum af eldisþorski á ári, fjögur heilsársstörf við niðursuðu á þorsklifur úr eldisfiski og um fimm heilsársstörf við harðfiskvinnslu og eru þessar þrjár rekstrareiningar staðsettar í Súðavík.

Ráðuneytið var ekki tilbúið að fallast á sérskilyrði Súðavíkurhrepps um að ofangreindar vinnsluaðferðir yrðu viðurkenndar til jafns við flakningu eða flökun, vegna úthlutunar byggðakvóta 2007/2008 og því er úthlutun um byggðakvóta til Súðavíkur á fiskveiðíarinu 2007/2008 í mikilli óvissu sem er mjög slæm staða fyrir atvinnulífið í Súðavík.

Endurbygging Eyrardalsbæjarins

Unnið var við endurbyggingu Eyrardalsbæjarins á árinu og hefur bærinn tekið miklum breytingum að innan sem utan. Áætlun gerir ráð fyrir að endurbyggingu hússins verði lokið snemma árs 2010 og Melrakkasetur Íslands ehf. opni setrið þá um sumarið.

Rekstur og fjárhagsstaða Súðavíkurhrepps.

Yfirstandandi bankakreppa mun hafa áhrif á tekjustreymi sveitarfélagsins til lækkunar. Líkur eru á því að fjármagn frá Jöfnunarsjóði sem hefur numið allt að 50% tekjum sveitarfélagsins muni lækka og einnig má ætla að útsvarstekjur lækki vegna minnkandi umsvifa í atvinnulífinu. Einnig er reiknað með að almennur rekstrarkostnaður hækki um allt að 12%, vegna almennra verðhækkana.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að svo stöddu að velta þeim breytingum á rekstrarforsendum ekki út í verðlagið með hækjun gjaldskráa sinna, en þess í stað að leita allra leiða til að lækka rekstrarkostnað sveitarfélagsins á árinu 2009.

Mikil óvissa ríkir enn um framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins á árinu 2009. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009 fór fram í desember sl. en ákveðið var að fresta seinni umræðu þar til í janúar nk. en þá ættu að liggja fyrir betri upplýsingar um hvers er að vænta í þjóðarbúskapnum á árinu 2009.

Súðavíkurhreppur hefur framkvæmt mikið síðastliðinn ár og er því ekki mikil þörf á framkvæmdum í sveitarfélaginu og má því segja að sveitarfélagið sé vel undir þá óvissutíma búið sem framundan eru.

Það er þó ekki óskastaða neins sveitarfélags að þurfa að draga úr framkvæmdum vegna erfiðara ytri rekstrarskilyrða, því framkvæmdir af hálfu sveitarfélaga skila sér margfalt til baka vegna þeirra veltuáhrifa sem af þeim fjármunum skapast.

,Garðstaðamálið”

Tvö mál hafa verið sérstaklega fyrirferðarmikil undanfarin ár hjá sveitarstjórn og tengjast málin dreibýli Súðavíkurhrepps. Annað þeirra er málefni jarðarinnar Garðstaða þar sem sl. 25 ár hefur verið safnað saman á jörðinni miklu magni ógangfærra bifreiða auk vinnuvélaúrgangs og brotajárns.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla starfssemi sem stangast á við aðalskipulag, en samkvæmt skipulagi er jörðin landbúnaðarjörð. Það sem verra er, er að starfsemin hefur ekki starfsleyfi og stangast jafnframt á við margvísleg lög og reglugerðir sem heyra um slíka starfsemi og því ólöglegt í skilningi laganna.

Frá árinu 2005 hefur Súðavíkurhreppur í samvinnu við umráðamann jarðarinnar unnið að því að fækka bifreiðaflökum og öðru brotajární af jörðinni. Nokkur árangur náðist á árinu 2006 og 2007 í framhaldi af samningi sem gerður var við umráðamann jarðarinnar í janúar 2006 um hreinsunina. Samningurinn fól í sér að eftir hreinsun mundu að hámarki verða 60 bifreiðaflök á jörðinni og sótt yrði um starfsleyfi fyrir starfsemina.

Eftir talningu sem framkvæmd var sl. sumar má ætla að enn séu eftir 500 bílflök auk mikils fjolda íhluta bifreiða og vinnuvéla á Garðstöðum þannig að ljóst er að stórt verkefni mun fylgja sveitarstjórn inn í árið 2009.

„Birnustaðamálið“

Seinna málið sem hefur verið fyrirferðarmikið á árinu er umdeilt byggingarleyfi fyrir vélageymslu sem eigendur jarðarinnar Birnustaða byggðu og luku við á árinu. Eigendur nærliggjandi sumarhúss kærðu útgáfu byggingarleyfisins og felldi Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála byggingarleyfið úr gildi í júní sl. á þeim forsendum að formgalli hafi verið á afgreiðslu byggingarleyfisins þar sem ekki hafi verið leitað eftir samþykki Skipulagsstofnunar öðru sinni á staðsetningu vélageymslunnar.

Skipulagstofnun hafði áður samþykkt fyrir sitt leyti staðsetningu fyrir byggingu vélageymslunnar mun nær en vélageymslan var síðan byggð. Vegna athugasemda eigenda nærliggjandi sumarhúss vegna grenndaráhrifa var ákveðið að taka tillit til sjónarmiða þeirra og var því gefið út byggingarleyfi til að byggja vélageymsluna um níu metrum fjær sumarhúsínu en Skipulagsstofnun hafði samþykkt og taldi byggingarnefnd og sveitarstjórn að með þeim hætti næðist sátt um staðsetningu vélageymslunnar.

Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála felldi, eins og áður sagði síðan byggingarleyfið úr gildi á þeim forsendum að ekki hafi verið leitað á líts Skipulagsstofnunar á nýrri staðsetningu vélageymslunnar.

Súðavíkurhreppi var síðan tilkynnt í byrjun nóvember sl. að landeigendur Birnustaða munu láta reyna á úrskurðinn fyrir dómstólum og dómstólar verði láttir skera úr um lögmæti niðurstöðunnar. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fáist í málið fljótlega eftir áramót.

Ferðamennska

Á árinu 2008 var skotið enn styrkari stoðum undir ferðapjónustutengda starfsemi í sveitarféluginu. Sameining Sumarbyggðar hf. við Próton ehf. og Tálknabyggð ehf. undir merkjum Sumarbyggðar hf. gekk eftir á árinu og tók sameinað félag á móti um 1.200 erlendum sjóstangveiðigestum sem gistu í Súðavík, Tálknafirði og á Bíldudal. Bókanir ganga mjög vel fyrir árið 2009 og er ljóst að mikil ásókn er í ferðirnar og enn felast mikil tækifæri í útvíkkun starfseminnar á komandi árum.

Melrakkasetur Íslands ehf vann á árinu að undirbúningi að uppsettningu Melrakkasetursins sem verður staðsett í Eyrardalsbænum. Jafnframt var í júní sl. opnuð heimasíða félagsins af Guðna Ágústsyni, pólítiskasta refnum að eigin sögn og er heimasíðan á slóðinni www.melrakki.is. Félagið er einnig komið í samstarf með innlendum og erlendum aðilum að rannsóknarverkefnum sem eiga eftir að vekja mikla athygli þegar fram líða stundir.

Á árinu opnaði veitingastaðurinn, Amma Habbý í ytri byggðinni og vakti staðurinn athygli á landsvísu fyrir notalegt umhverfi, fallegar innréttningar og frábærar veitingar. Staðurinn er góð viðbót við uppbyggingu Súðavíkur og sveitarfélagsins alls sem ferðamannastaðar sem vert er að sækja heim.

Verkefnið „Uppbygging Vatnsfjarðar sem minjastaðar“ hefur verið í gangi í um tvö ár í samstarfi við félagið Vestfirði á miðöldum og Fornleifastofnun Íslands. Frá árinu 2004 hafa fornleifarannsóknir staðið yfir í Vatnsfirði og samhliða fornleifarannsókninni er rekinn alþjóðlegur fornleifaskóli í Vatnsfirði í samvinnu við fjölmarga aðila. Verkefnið gengur m.a. út á að bæta aðgengi ferðamanna að staðnum og setja upp góðar upplýsingar um það sem þar er að gerast hverju sinni.

Súðavíkurhreppur í samstarfi við Sumarbyggð starfrækti s.l. sumar upplýsingamiðstöð í gamla pósthúsini við Aðalgötu í ytri byggðinni. Þar var gestum og gangandi boðið upp á aðgang að nettengdi tölvu ásamt því að starfsfólk Sumarbyggðar veitti upplýsingar um sveitarfélagið þegar eftir því var leitað. Miðstöðin var einnig þjónustuhús fyrir starfsemi Sumarbyggðar fyrir erlendu sjóstangveiðimennina og er óhætt að segja að mikil umsvif voru í gamla pósthúsini yfir ferðamannatímann.

Íbúaþing í kjölfar kreppu

Efnt var til íbúaþings Súðavíkurhrepps 25. október sl. undir heitinu „Súðavíkurhreppur eftir fimm ár?“ Íbúaþingið tókst mjög vel og mættu um 70 manns sem teljast um 30% íbúa sveitarfélagsins.

Á þinginu var lögð áhersla á að fá íbúa sveitarfélagsins til að vinna með sveitarstjórnum í því að móta framtíðarsýn sveitarfélagsins til næstu fimm ára. Á þinginu komu fram margar fjölmargar góðar og gagnlegar hugmyndir um verkefni fyrir sveitarstjórnum og íbúa sem hafa það að markmiði að efla sveitarfélagið enn frekar sem öflugt samfélag sem er gott að starfa og búa í.

Á íbúaþinginu ákvað Súðavíkurhreppur að færa íbúunum sveitarfélagsins bókhaldskerfið, Bóthildi að gjöf, sem keypt var af Þorsteini Erni Gestssyni Súðvíkingi sem hannaði kerfið og jafnframt var breytt starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og hún opnuð fyrir alla þá sem hafa áhuga á félagsstarfi almennt.

Sómi Súðavíkur 2008

Í febrúar sl. var Erni Elíasi Guðmundssyni, öðru nafni Mugison sæmdur titlinum „Sómi Súðavíkur“. Var honum veitt viðurkenningarskjall þar sem fram kom að popparinn hafi með dugnaði sínum og sköpunargleði verið öðrum í sveitarfélagini fyri mynd.

Af þessu tilefni tók Súðavíkurhreppur að sér að láta pakka inn 17 þúsund eintökum af plötunni Mugiboogie sem Mugison var að gefa út á sama tíma. Súðavíkurhreppur samdi síðan við foreldrafélag fótboltabarna, félagsmiðstöð ungmenna, stuðningshóp Raggagarðs og fleiri aðila til að pakka inn Mugiboogie gegn þóknun og má segja að ofangreind samsetning verkefnis hafi komið sér vel fyrir alla aðila.

Atvinnulífið

Frekar bættist í fyrtækjaflóruna í Súðavík á árinu 2008 sem er fagnaðarefni. Veitingastaðurinn Amma Habbý hóf starfsemi á vormánuðum, eins og áður sagði og hárgreiðslustofan Dekurhúsið hóf starfsemi aftur á haustmánuðum.

Pokabeituverksmiðjan var sold út úr Seabait hf og starfar nú undir Bernskan ehf. og samhliða sölunni fór fram endurfjármögnun í félagini og hefur verksmiðan starfað nær óslitið allt árið sem er fagnaðarefni, en eins og kunnugt er átti félagið við mikla rekstarerfiðleika að striða á árinu 2007.

Síðastliðna mánuði hefur Murr ehf unnið að því að koma upp framleiðslufyrirtæki í iðngörðunum á Langeyri. Murr mun sérhæfa sig í framleiðslu á kattamat. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að reksturinn fari á fullt snemma á árinu 2009 og muni útvega allt að fjögur heilssársstörf.

Mikil umsvif voru hjá Sumarbyggð frá maí til októbers en sjö manns störfuðu í Súðavík við að þjónusta erlenda sjóstangveiðimenn á vegum félagsins.

Endurgreiðsla útsvar vegna nýrra starfa

Í samræmi við stefnumörkun Súðavíkurhrepps 2005 – 2010 endurgreiddi sveitarfélagið, í byrjun ársins kr. 3,4. millj. til fyrirtækja sem höfðu fjöldað stöðugildum í rekstri sínum á árinu 2007. Um var að ræða endurgreiðslu sem tók mið af upphæð útsvars sem tilkomið var vegna nýrra starfa og er því ljóst að mikil aukning varð á nýjum störfum í sveitarfélaginu.

Litið inn í árið 2009

Mikil óvissa ríkir enn um framkvæmdir á vegum sveitarfélagins á árinu 2009 en það á að skýrast við seinni umræðu fjárhagsáætlunargerðar Súðavíkurhrepps og stofnana hans sem mun fara fram í janúar nk.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að undanfarin ár og leitast verður við að halda áfram með eru að fylgja eftir leit að heitu vatni í Álftafirði. Það verkefni verður að telja með þeim stærri sem eru í framkvæmd hjá sveitarfélagini. Ef Súðavík og nágrenni kæmist í þá aðstöðu að hafa aðgang að heitu vatni mun það þýða mörg ný tækifæri fyrir atvinnulífið og auka lífsgæði íbúa um leið.

Óvissa ríkir jafnframt með endurbyggingu Eyrardalsbæjar á árinu en tryggja þarf fjármagn til frekari endurbyggingar áður en ákvörðun um frekari framkvæmdir verða teknar.

Í byrjun árs mun Ester Unnsteinsdóttir líffræðingur hefja störf við Melrakkasetur Íslands af fullum krafti og verður unnið að því að undirbúa opnum setursins í Eyrardalsbænum. Endurmat á áætlun um lúkningu endurbyggingu Eyrardalsbæjarins og opnum setursins verður gerð á vormánuðum.

Unnið verður enn frekar úr niðurstöðum íbúapингins sem haldið var í október sl. og þrátt fyrir mjög erfið ytri skilyrði í efnahagslífinu nú, er þetta góður tími til að undirbúa framtíðina. Tímabundna fjármálakreppan mun líða hjá og þegar það fer að birta aftur yfir íslensku efnahagslifi er mikilvægt að koma vel undirbún til leiks og nýta vel þau tækifæri sem skapast og eru í samræmi við stefnu Súðavíkurhrepps í byggða-, ferðamanna-, og atvinnumálum.

Að því sögðu óska ég íbúum sveitarfélagsins og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar með von um gott og gæfuríkt ár fyrir okkur öll.

*Bestu kveðjur,
Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri.*